

74

6. sept.

AUGLÝSING

um

breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað frá 14. maí 1925.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal vera kr. 8,50 yfir tímabilið 1. ágúst til 15. maí fyrir hvert 16 kerta ljós.

Þegar ljós það, sem hver ljósnotandi vill fá, er talið saman í 16 kerta ljós, skal $\frac{1}{4}$ hluta ljóss slept, en $\frac{3}{4}$ ljóss reiknast sem heilt. Heimilt er rafveitunefnd, með samþykki bæjarstjórnar, að krefjast, að mælir sje settur upp hjá hverjum notanda og að ákveða, að rafmagn verði að nokkru eða öllu aðeins selt um mæli, sem rafnotendur leggi til og kosti uppsetning á, þó með þeim undantekningum, sem rafveitunefnd og bæjarstjórn telja henta.

Verð á rafmagni um mæli er 1 kr. fyrir hverja kilowattstund.

Rafveitunefnd og bæjarstjórn geta og ákveðið, að rafmagn sje selt um hemil. Ársgjald fyrir hemil, sem settur hefir verið upp, er kr. 6.00. Frá þessu getur þó rafveitunefnd vikið, með samþykki bæjarstjórnar.

2. gr.

Rafveitunefnd ákveður, með samþykki bæjarstjórnar, gjalddaga á rafmagni.

3. gr.

Rafveitunefnd getur, með samþykki bæjarstjórnar, látið taka þá rafmagnsnotendur úr rafmagnssambandi, sem greiða eigi rafmagnsgjöld mánuði eftir gjalddaga, enda sje þeim tilkynt sú ákvörðun rafveitunefndar með tveggja vikna fyrirvara. Þeir, sem að boði rafveitunefndar og bæjarstjórnar vilja ekki greiða andvirði mælis og uppsetningu, sjeu innan tveggja vikna teknir úr rafmagnssambandi.

4. gr.

Í stað 20% í 7. gr. gjaldskrár fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað, frá 25. nóv. 1922, komi 50%.

5. gr.

Þeim, sem aðeins nota rafmagn nokkurn hluta ljósársins, getur rafveitunefnd, með samþykki bæjarstjórnar, selt rafstraum alt að 50% dýrari en öðrum. Frá þessu getur þó bæjarstjórn vikið.

6. gr.

Breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað 14. maí 1925 er hjermeð feld úr gildi, svo og þau ákvæði rafmagnsgjaldskrár í Siglufjarðarkaupstað, frá 25. nóv. 1922, sem koma í bága við gjaldskrá þessa.

74

6. sept.

Gjaldskrárbreyting þessi er hjermeð gjörð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRD

um

breyting á reglugjörð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað, 30. júní 1921.

75

10. sept.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka eftir virðingarverði þeirra, og vatnsskattur goldinn af þeim eins og hjer segir:

1. fl. Hús, sem eru virt alt að 7500 krónur, 3‰.
2. fl. Hús, sem eru virt yfir 7500 til 10000 kr., 2½‰.
3. fl. Hús, sem eru virt yfir 10000 kr.:
 - Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðsins 2‰.
 - næstu 10000 kr. virðingarverðsins 1½‰.
 - því, sem þar er yfir, 1‰.

Af síldarverksmiðjuhúsum reiknast tvöfalt gjald.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Af hverri kryddaðri tunnu síldar greiðist 6 aurar í vatnsgjald, og greiðist gjaldið þegar þess er krafist.

Af hverju skippundi fiskjar 25 aurar.